



Glóðvolgur Íslendingur fæddur á Landspítala 23. febrúar 2012, skuldar ekkert og fær ef til vill fæðingarstyrk.

Breytingar á reglum um fæðingarstyrk

Á fundi stjórnar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna (FOSL) hinn 1. febrúar síðastliðinn voru samþykktar breytingar á reglum sjóðsins um fæðingarstyrki.

Breytingin felst í því að ef báðir foreldrar barns eru læknar fá þeir framvegis báðir fæðingarstyrk, annað foreldrið fær fullan styrk, hitt foreldrið fær hálfan styrk. Áður voru reglur þannig að aðeins var veittur einn styrkur með hverju barni. Fullur fæðingarstyrkur vegna eins barns nemur nú 350.000 krónum, eða 525.000 krónum ef báðir foreldrar eru læknar. Þá er enn fremur gerð sú breyting að sækja þarf um fæðingarstyrk innan árs frá fæðingu barns.

Eingöngu læknar sem starfa og þiggja laun á Íslandi eiga rétt á að fá greiddan fæðingarstyrk úr sjóðnum. Sjá nánar reglur FOSL á heimasíðu Læknafélags Íslands, www.lis.is. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á reglum, en stjórnin vinnur að heildarendurskoðun þeirra.

Stjórn FOSL skipa þau Dóra Lúðvíksdóttir, formaður, Hjalti Már Þórisson og Ólafur Þór Gunnarsson. Varamaður er Rannveig Pálsdóttir.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Bára Kristinsdóttir (f. 1960) hefur undanfarin ár unnið fjölbreyttar ljósmyndaseríur sem margar hafa sést á sýningum. Hún hefur markvisst próað listræna ljósmyndun sína frá því hún lærði fagið í Svíþjóð á níunda áratugnum og fluttist til Íslands að nýju í upphafi þess tíunda. Hún hefur verið virkur félagi í hinu unga Félagi íslenskra samtímaljósmyndara sem var meðal annars sýnilegt á Listahátíð í Reykjavík í fyrra og stóð fyrir Ljósmyndadögum nú í febrúar sem leið. Í nýlegum verkum, *Stillu*, skrásetti Bára nærumhverfi borgarinnar skömmu eftir hrun og náði að myndgera ráðaleys-
ið og spennuna sem ríkti í samfélaginu. Nokkru fyrir fangaði hún annars konar andrúmsloft dulúðar og framandleika í seríunni *Heitir reitir* sem tekin var í gömlum og nýjum gróðurhúsum. Bára safnar nú efni í nýja myndaröð sem byggist á vinnuheitinu „*Get ég gert eitthvað fyrir þig?*“ (2012). Þar leitast hún við að tjá Íslandi ást sína og þakklæti fyrir allt það sem landið hefur gefið henni í gegnum árin. Eins og í fyrrnefndum seríum eru myndirnar mannláusar þótt



ummerki manna sé víða að sjá. Hún ferðast um á öllum árstíma og fangar umhverfið í sinni hversdagslegu mynd, en ekki þá upphöfnu ægiefgurð sem stundum einkennir sýn okkar á landið. Myndirnar eru fremur af því landi sem okkur hættir til að yfirsjáast og taka sem sjálfsögðum hlut. Verkin bera ekki með sér bláeyga von um skilyrðislausu umhverfisvernd en efna vitundina um hið sérstaka sambýli manns og náttúru hér á landi. Bára myndar í slyddu og þoku, uppi á heiðum og inni í miðri borg. Hið óárennilega einiskis-mannsland sem sjá má á forsiðumynd *Læknablaðsins* þar sem njólar og hríslur vaxa í algerrri órækt er ekki eins langt undan og mann gæti grunað. Myndin er tekin nærri Valsvelli hjá Flugvallarvegi í Reykjavík og linsunni beint að Landspítalanum sem sést í skammdægissílinni í fjarska. Eins og svo oft búa látalaus myndir Báru yfir einhverjum spennandi snúningi sem kemur á óvart.

Markús Þór Andrésson